



UNG OG UPPRENNANDI

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna

í samvinnu við Nótuna 2023, uppskeruhátíð tónlistarskólanna:

Tónleikar í Seltjarnarneskirkju

laugardaginn 17. febrúar 2024, klukkan 16

Stjórnandi: Oliver Kentish

Einleikarar: Matvii Levchenko, Ásta Dóra Finnsdóttir, Helga Diljá Jörundsdóttir,
Tómas Vigur Magnússon, Austin Ching Yu

Efnisskrá:

Wolfgang Amadeus Mozart: *Píanókonsert í A-dúr nr. 12, K. 414,*
fyrsti kafli: Allegro

Einleikari: Matvii Levchenko

Sergei Rachmaninoff; *Píanókonsert nr. 2 í C-dúr, Opus 18,*
fyrsti kafli: Moderato

Einleikari: Ásta Dóra Finnsdóttir

Hlé

Pablo de Sarasate: *Zigeunerweisen.*
Einleikari: Helga Diljá Jörundsdóttir

Maurice Ravel: *Tzigane.*
Einleikari: Tómas Vigur Magnússon

Pjotr Tsjækovsky: *Fiðlukonsert í D-dúr, Opus 35,*
þriðji kafli: Finale
Einleikari: Austin Ching Yu



NÓTAN - uppskeruhátíð tónlistarskóla – hefur verið haldin árlega um margra ára skeið með það að markmiði, meðal annars, að styrkja ungt tónlistarfólk til listsköpunar og efla listir, menntun og menningu í samfélaginu. Það er gert meðal annars með því að veita tónlistarnemendum viðurkenningu fyrir afrakstur vinnu sinnar og frammistöðu. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna gekk fyrst til samstarfs við Nótuna 2016 með því að gefa ungum tónlistarmönnum, þátttakendum í uppskeruhátíðinni, tækifæri til að leika einleik með hljómsveitinni. Hljómsveitin þakkar aðstandendum Nótunnar ánægjulega samvinnu og óskar unga tónlistarfólkinu gæfu á tónlistar-brautinni. Að þessu sinni urðu fyrir valinu píanóleikararnir Matvii Levchenko og Ásta Dóra Finnsdóttir og fiðluleikararnir Helga Diljá Jörundsdóttir, Tómas Vigur Magnússon og Austin Chang Yu.

Um verk og einleikara:

Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791) samdi fjölda píanókonserta enda var það helsta tekjulind hans sem sjálfstæðs tónlistarmanns að leika einleik í eigin verkum. Mest voru afköstin við konsertsmíðarnar á árunum 1782-1786 en þá samdi hann ekki færri en 15 píanókonserta, þar á meðal konsertinn K 414 sem hér verður leikinn. Af konsertunum fimmtán voru sex samdir á sama árinu, 1784, ári móðuharðinda og jarðskjálfta á Íslandi.





Matvii Levchenko er 13 ára og hóf píanónám 8 ára að aldri hjá Elena Mykolievna í Kiev. Hann kom til Íslands í kjölfar stríðsins í Úkraínu 2022 og hóf þá píanónám hjá dr. Nínu Margréti Grímsdóttur við Tónskóla Sigursveins. Matvii hefur frá þeim tíma skipað sér í fremstu röð ungra píanóleikara á Íslandi, m.a. komið fram á einleikstónleikum Unglistar í Hörpu, kammertónleikum í Tjarnarsal Ráðhússins og í Besední dóm, sal Fílharmóníunnar í Brno, Tékklandi. Hann hefur unnið til fjölda verðlauna og viðurkenninga, í Úkraínu, Tékklandi, Svíþjóð og á Íslandi. Þar má nefna 2. verðlaun í 2023 Amadeus International Piano Competition, konsertkeppni Nótunnar 2023 og var valinn í úrslit í Nordic Junior Piano Competition 2023. Matvii stundar grunnskólanám í Háteigsskóla og hlaut einkunnina 10 á miðprófi í píanóleik 2022. Hann þreytir nú frumraun sína sem einleikari með hljómsveit.

Sergei Rachmaninoff (1873-1943) var af tónlistarfólki kominn og var ungur byrjaður að leika opinberlega á píanó og semja tónverk. Hann starfaði í Þýskalandi, á heimaslóð í Rússlandi, í Sviss og Bandaríkjunum, og hlaut mikinn frama sem píanóleikari, tónskáld og hljómsveitarstjóri. Hann samdi mest hljómsveitarverk, sinfóníur, tónaljóð og konserta. Tónlist hans fékk oft misjafna dóma. Áheyrendur voru yfirleitt hrifnir, en gagnrýnendur og fræðimenn sýndu oft önnur viðbrögð. Tónlistin þótti yfirmáta tilfinningarík, jafnvel svolítið gamaldags. Áhrif tónlistar Rachmaninoffs á kvikmyndatónlist samtímans eru ótvíræð. Píanókonsertinn númer 2 er meðal þekktustu verka hans og ber skýr höfundareinkenni. Hann er saminn í Moskvu og var frumfluttur þar í

heild sinni 1901. Konsertinn var saminn að ráði taugalæknis höfundarins til að ná honum upp úr þunglyndiskasti eftir dræmar undirtektir við fyrstu verkum hans. Ekki er að orðlengja það að þessi konsert gerði þrumandi lukku og varpaði Rachmaninoff upp á hinn alþjóðlega stjörnuhimin.



Ásta Dóra Finnsdóttir er 17 ára og hefur stundað píanónám frá 5 ára aldri. Hún sækir tíma hjá Peter Máté við Menntaskóla í Tónlist og hjá Marina Pliassova við Barratt Due í Noregi. Hún hóf frumraun sína sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands 14 ára gömul. Ásta Dóra hefur tekið þátt í fjölda keppna, bæði hér á landi og erlendis og unnið til verðlauna í Búlgaríu, Spáni, Tékklandi, Ísrael, Serbíu, Svíþjóð, Úkraínu, Singapore, Kanada, Ungverjalandi, Póllandi, Sviss, Rússlandi, Frakklandi, Grikklandi, Belgíu, Englandi, auk Íslands. Hún hefur tekið þátt í fjölda píanóhátíða, m. a. Í Bandaríkjunum, Rúmeníu, Þýskalandi, Tékklandi, Úkraínu, Finnlandi, Danmörk, Grikklandi, Belgíu, Noregi, og Íslandi. Hún hefur leikið einleik með hljómsveitum í Grikklandi, Noregi og Úkraínu. Í júní var hún boðin í Third Cliburn International Junior Piano Competition and Festival í Dallas, Texas, sem þátttakandi í hátíðarhlutanum.



Pablo Martín Melitón de Sarasate y Navascués (1844 – 1908) var spænskur fiðluvirtuós og tónskáld. Hann var undrabarn, hélt sína fyrstu opinberu tónleika 8 ára að aldri og innan við tvítugt hafði hann haldið tónleika í London og París.

Tónsmíðar hans voru fyrst og fremst ætlaðar til flutnings á hans eigin tónleikum og sýndu gjarnan afburða tækni hans. Margar þeirra voru fantasiur út frá þekktum óperum og laglínnum. Þekktasta verk hans er vafalítið Zigeunerweisen, sem hér er flutt í dag. Sarasate hafði mikil áhrif á önnur tónskáld og voru ýmis þekkt tónverk samin fyrir hann eða tileinkuð honum.




Helga Diljá Jörundsdóttir er fædd árið 2005. Hún hóf fiðlunám 4 ára gömul hjá Þórdísi Stross í Allegro Suzuki tónlistarskólanum, síðar tók Helga Steinunn Torfadóttir við kennslunni. Þegar Helga Diljá var 13 ára hóf hún nám í Menntaskóla í tónlist hjá Auði Hafsteinsdóttur, einnig sótti hún tíma hjá J. Páli Palomares í 2 ár. Helga lauk framhalds- og burtfararprófi frá MÍT í mars 2023

þar sem hún fékk viðurkenningu fyrir hæstu einkunn á framhaldsprófi. Í dag stundar hún diplómanám í fiðluleik hjá Auði Hafsteinsdóttur við Listaháskóla Íslands.

Helga hefur sótt fjölmörg námskeið, bæði hérlandis og erlendis, einnig hefur hún tekið virkan þátt í mörgum kammer- og hljómsveitarverkefnum. Helga hefur frá 14 ára aldri sótt námskeið í hljómsveitarstjórn við Hljómsveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir leiðsögn Evu Ollikainen og samhliða fiðlunámi stundar hún einnig nám á píanó. Helga Diljá er ein af fimm sigurvegurum keppninnar Ungir einleikarar og mun hún koma fram sem einleikari með Sinfóníu-hljómsveit Íslands í apríl næstkomandi þar sem hún leikur Sibelius fiðlukonsertinn. Helga lýkur stúdentsprófi af eðlisfræðibraut frá Verzlunarskóla Íslands í vor og hyggur á fiðlunám erlendis næsta haust.



Maurice Ravel (1875-1937) samdi Tzigane upphaflega árið 1924 fyrir fiðlu og píanó en skrifaði píanópartinn út fyrir hljómsveit stuttu síðar. Tónverkið gefur einleikaranum ótal tækifæri til að sýna hæfni sína og tækni. Öllum brögðum fiðlunnar er beitt, flaututónum, vinstrihandarplokki, tví-, þrí-, og fjórgripum. Hraðabreytingar og framandi tónstigar gefa verkinu sígaunasvip.



Tómas Vigur Magnússon er fæddur árið 2005 og hóf Suzuki-fiðlunám 5 ára gamall hjá Diljá Sigursveinsdóttur. Síðastliðin sex ár hefur Tómas stundað fiðlunám hjá Auði Hafsteinsdóttur, fyrst í Tónskóla Sigursveins og nú í Listaháskóla Íslands og lauk framhaldsprófi undir hennar leiðsögn í mars 2023. Tómas hefur tekið virkan þátt í fjölmörgum kammer- og hljómsveitarverkefnum. Auk þess hefur hann sótt fjölda masterclassa og námskeiða, bæði hérlendis og erlendis meðal annars í Bryanston í Englandi, Szarlota í Póllandi, Valdres í Noregi og Astona í Sviss. Tómas er einnig í framhaldsnámi á píanó. Síðustu jól lauk Tómas stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð. Í dag stundar Tómas diplómanám í fiðluleik við Listaháskóla Íslands og stefnir á Bachelor nám í fiðluleik erlendis í haust. Í keppninni Ungir Einleikarar 2024 var hann einn þeirra sem var valinn til að spila einleik með Sinfóníu- hljómsveit Íslands í apríl næstkomandi.



Pjotr Tsjaekovsky (1840-1893) samdi fiðlukonsert sinn árið 1878 en hann var ekki frumfluttur í endanlegri mynd fyrr en 1881. Til þess lágu ýmsar ástæður, einkum vandræðagangur í sambandi við tileinkun verksins. Konsertinn var saminn í Clarens á bökkum Genfarvatns í Sviss. Þangað hafði Tsjaekovsky leitað til að jafna sig eftir algjörlega misheppnað hjónaband. Konsertinn fékk vægast sagt misjafnar viðtökur. Sumir gagnrýnendur fundu honum margt til foráttu og spáðu honum litlu gengi. Tveir einleikarar höfnuðu boði um að frumflytja hann. En skemmst er frá því að segja að konsertinn hlaut fádæma vinsældir og er nú meðal mest fluttu fiðlukonserta tónbókmenntanna.



Austin Ching Yu Ng fæddist í Reykjavík, 31. ágúst 2006. Hann hóf fiðlunám hjá Ásdísi Þorsteinsdóttur Stross við Nýja Tónlistarskólann í Reykjavík haustið 2009 þar sem hann lærði í 5 ár auk þess að taka þátt í hópkenndum tímum við Suzuki tónlistarskólann. Haustið 2015 færði Austin sig til Allegro tónlistarskólans þar sem hann lærði undir leiðsögn Lilju Hjaltadóttur. Árið 2018 var Austin samþykktur í Menntaskólann í Tónlist þar sem Auður Hafsteinsdóttir tók við kennslunni. Einnig hefur hann sótt tíma hjá Lin Wei og Páli Palomares ásamt því að fara í fjölda masterklassa. Austin hefur tekið þátt í fjölmörgum viðburðum og námskeiðum, til að mynda HIMA og Bryanston. Hann hefur margoft tekið þátt í Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands og var valinn konsertmeistari Ungsveitarinnar aðeins 15 ára gamall eftir prufuspil. Austin tók þátt í F. Janiewicz fiðlukeppninni við pólska sendiráðið í Reykjavík þar sem hann hlaut 2. verðlaun. Að auki hefur hann tekið þátt í Atlanta Festival Academy keppninni þar sem hann hlaut 1. verðlaun. Samhliða fiðlunámi hefur Austin stundað nám á píanó síðastliðin sex ár. Austin lauk framhaldsprófi við Menntaskólann í Tónlist vorið 2023 og mun hefja diplómanám í fiðluleik hjá Auði Hafsteinsdóttur við Listaháskóla Íslands næsta haust. Einnig er hann að ljúka öðru ári sínu við Menntaskólann í Reykjavík.



Að þessu sinni er hljómsveitin þannig skipuð:

Konsertmeistari: Jónína Þ. Thorarensen

1.fiðla

Jónína Þ. Thorarensen
Yasney Rojano Cruz
Vera Ósk Steinsen
Jelena Kuzminova
Hekla Arnardóttir
Elísabet Vala Guðmundsdóttir
Irina Ovchinnikova

2.fiðla

Drífa Örvarsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Ingvarsdóttir
Runólfur Jóhannsson
Helga Andrésdóttir

Víóla

Elín Björk Jónasdóttir
Sigita Siciuniene
Páll Ingvarsson

Selló

Mark van Rhijn
Yana Prykhodko
Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir

Bassi

Dean Ferrell
Kjartan Guðnason

Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir
Bolli Þórsson

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

Klarinett

Hanna Sóley Guðmundsdóttir
Jose Boaventura

Fagott

Adam Flint
Kaho Terazono

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Sara Rós Hulda Róbertsdóttir
Þorkell Jóelsson
Jón Hákon Richter

Trompet

Jón Hafsteinn Guðmundsson
Steinar Matthías Kristinsson

Básúna

Hallvarður Einar Logason
Valgeir Geirsson

Túba

Hugi Jónsson

Pákur

Breki Freysson

Selesta

Pétur Núi Stefánsson

Harpa

Sophie Schoonjans

Næstu tónleikar hljómsveitarinnar verða laugardaginn 13. apríl 2024.
Auk verka eftir Hummel og Elgar verður frumflutt verk eftir íslenskan höfund.

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju og Tónlistarskóla Seltjarnarness ómetanlegan stuðning. Hljómsveitin nýtur stuðnings Reykjavíkurborgar árið 2024.

Aðgangseyrir er kr. 3000, afsláttarverð kr. 2000 fyrir nemendur og eldri borgara, greiðist við innganginn eða inn á reikning 0137 05 18182, kt. 470497 2469.

